

Fundur í íþrótt- og tómstundanefnd haldinn í Veri 22.02.2011 kl.17:00

Mættir: Vilborg Stefánsdóttir, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Kristín Heimisdóttir, Eggert Stefánsson og Oddný Kristjánsdóttir.

1. Vilborg las fundargerð síðasta fundar.
2. Lásur yfir starfsreglur nefndarinnar, Vilborgu falið að uppfæra þær og senda til hreppsnefndar.
3. Erindisbréf sveitarstjórnar samþykkt án athugasemda.
4. Erindi frá UMFÍ varðandi unglíngalandsmót. Nefndin telur það mjög jákvætt fyrir starfsemina að HSP sækji um fyrir árið 2013 eða 2014. Jafnframt óskum við eftir að fá upplýsingar um hvað vantar hér á okkar svæði til að halda slíkt mót og kostnað við það.
5. Landsmót 50+ þetta er frumraun og á fyrsta mót að vera í sumar. Við teljum það frekar skamman fyrirvara en leggjum til að HSP skoði að sækja um fyrir árið 2012 með það í huga að halda það hér á austursvæðinu.
6. Fulltrúi í Kátra daga nefnd. Nokkur nöfn skráð á blað sem formaður tekur að sér að tala við.
7. Oddný fór yfir starfið hjá henni síðustu mánuði og það sem er framundan. Hún verður í leyfi í mars en það mun leyst á annan hátt með hjálp foreldra. Einnig rætt um að gera eitthvað fyrir 5-6 bekk en Oddný er bara í 50% starfi svo hún getur ekki sinnt meiru.
8. Gjaldskrá íþróttamiðstöðvar og tjaldsvæðis samþykkt með fyrirvara um að bæta inn aldri í sund og verði þá þannig "Sund börn 6-12 ára eitt skipti 150 kr.
9. Samþykkt að senda fyrirspurn til sveitarstjórnar hvort ekki sé hægt að lengja opnunartíma í íþróttahúsi t.d. opið lengur á laugardögum og jafnvel sunnudögum, og hvað það muni kosta aukalega.

Fundi slitið kl.18:50